

## Viljayfirlýsing um stofnun Norðurslóða-viðskiptaráðs

Viðskiptaráð Íslands, Norðurslóðanet Íslands og utanríkisráðuneytið lýsa hér með yfir vilja sínum til að vinna saman að stofnun Norðurslóða-viðskiptaráðs (e. *Arctic-Icelandic Chamber of Commerce*). Með framtakinu skapast mikilvægur samstarfsvettvangur íslensks atvinnulífs og aðila með víðtæka þekkingu á málefnum norðurslóða og alþjóðlegt tengslanet með það að markmiði að efla viðskipta- og efnahagssamvinnu milli Íslands og ríkja og hagsmunaaðila sem koma að málefnum norðurskautssvæðisins.

Norðurslóða-viðskiptaráðið (hér eftir NV) mun m.a. vinna, í samræmi við stefnu Íslands í málefnum norðurslóða, að því að byggja upp viðskiptasamstarf ríkja á svæðinu og búa þannig í haginn að Íslendingar geti keppt um þau atvinnutækifæri sem verða til í kjölfar aukinna efnahagsumsvifa á norðurslóðum. Þessi tækifæri liggja víða t.a.m. á sviði siglinga, leitar og björgunar, olíuleitar og vinnslu, fiskveiða, ferðaþjónustu, heilbrigðismála og þekkingarmiðlunar.

NV verður rekið í svipaðri mynd og önnur millilandaviðskiptaráð og er því ætlað að tengja saman fyrirtæki um allt land sem hagsmuni hafa af auknum umsvifum á norðurskautssvæðinu og ekki síður að stuðla að upplýsingagjöf og upplýstri umræðu um málefni norðurslóða. Auk þess mun NV leggja sig fram um að starfa með stjórnvöldum, háskóla- og fræðasamfélaginu og áhugasömum aðilum héraendis og erlendis til að samþætta vinnu og ýta undir ábatasama en ábyrga nýtingu væntanlegra atvinnutækifæra á norðurslóðum til lengri tíma litið fyrir íslenskt atvinnulíf og samfélagið í heild.

Ofangreindir aðilar eru sammála um að stefna að stofnfundi NV um miðjan maí næstkomandi þar sem m.a. verður kjörin stjórn yfir NV til að vinna málið áfram.

Reykjavík, 24. apríl 2013.

F.h. Viðskiptaráðs Íslands

  
Haraldur I. Birgisson  
framkvæmdastjóri

F.h. Norðurslóðanets Íslands

  
Embla Eir Oddsdóttir  
Framkvæmdastjóri

F.h. utanríkisráðuneytisins

  
Einar Gunnarsson  
ráðuneytisstjóri

### Nánar upplýsingar um stofnaðila ráðsins og tengiliði:

**Viðskiptaráð Íslands** var stofnað árið 1917 og innan vébanda þess starfa m.a. 12 millilandaráð auk Landsnefndar alþjóðaviðskiptaráðsins í París (ICC). Innan millilandaráðanna fer fram öflugt samstarf sem miðar að því að örva viðskipti og bæta tengsl milli fyrirtækja í viðkomandi löndum. **Tengiliður: Haraldur I. Birgisson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs.**

**Norðurslóðanetið** var formlega stofnað í febrúar s.l. með undirritun samstarfssamnings við utanríkisráðuneytið. Megintilgangur þess er að auka sýnileika og skilning á málefnum norðurslóða sem og efla starfsemi aðila sem vinna að málefnum norðurslóða á Íslandi. **Tengiliður: Embla Eir Oddsdóttir, framkvæmdastjóri Norðurslóðanetsins.**

**Utanríkisráðuneytið** fer með framkvæmd og þróun norðurslóðastefnu stjórnvalda í samstarfi við Alþingi, hlutaðeigandi ráðuneyti, sem og stofnanir og samtök sem vinna að málefnum norðurslóða. **Tengiliður: Jónas G. Allansson, sendiráðunautur á alþjóða- og öryggissviði utanríkisráðuneytisins.**